

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 67/2020

frá 30. apríl 2020

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 358, 13.12.2014, bls. 50.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/2340 frá 14. desember 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarvörur fyrir almenna fjárfesta að því er varðar gildistökudag hennar <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1904 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 að því er varðar vöruinngrip <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarvörur fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) með því að mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té <sup>(4)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 31, Stjtið. ESB L 210, 15.8.2017, bls. 16, og Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 1
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1866 frá 3. júlí 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 til að laga umbreytingarfyrirkomulag framleiðenda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarvara fyrir almenna fjárfesta (PRIIP), sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 352, 9.2.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 35.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 295, 29.10.2016, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 100, 12.4.2017, bls. 1.

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu undanþágutímabilinu sem um getur í þeirri grein <sup>(5)</sup>.

- 6) Í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 eru tilgreind tilvik þar sem Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) er heimilt að banna tímabundið eða takmarka tiltekna fjármálastarfsemi og þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því, í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(6)</sup>. Að því er varðar EES-samninginn mun Eftirlitsstofnun EFTA fara með þær valdheimildir hvað EFTA-ríkjunum viðvíkur, í samræmi við lið 31h í IX. viðauka við EES-samninginn og samkvæmt þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Slíkar ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verða byggðar á drögum frá EIOPA, eftir því sem við á, svo tryggja megi að sérþekking EIOPA sé hluti af ferlinu og að samræmi sé milli hinna tveggja stoða EES. Þannig varðveitast lykilkættir þess hagræðis sem felst í eftirliti af hálfu einnar stofnunar.
- 7) Það er sameiginlegur skilningur samningsaðilanna að með þessari ákvörðun sé hrint í framkvæmd samkomulagi, sem endurspegladist í niðurstöðum <sup>(7)</sup> fjármála- og efnahagsráðherra ESB og EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES, 14. október 2014, að því er varðar upptöku reglugerða ESB um evrópsk eftirlitsyfirköld í EES-samninginn.
- 8) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bg. **32014 R 1286**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtið. ESB L 352, 9.2.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 358, 13.12.2014, bls. 50, breytt með:

- **32016 R 2340**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2340 frá 14. desember 2016 (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 35).

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 4.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

<sup>(7)</sup> Niðurstöður ráðsins um fund fjármála- og efnahagsráðherra ESB og EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, 14178/1/14 endursk. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum, skulu Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðæftirlitsstofnunin (EIOPA) og Eftirlitsstofnun EFTA starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til hvers konar aðgerða.
- b) Tilvísanir til valdheimilda EIOPA skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 í reglugerðinni, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31h í IX. viðauka við EES-samninginn.
- c) 16. gr.:
  - i) í 1. mgr. er orðunum „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir „EIOPA“,
  - ii) í 2., 3., 4., 6. og 7. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „EIOPA“,
  - iii) í 2. mgr. koma orðin „EES-samningnum“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“,
  - iv) í 3. mgr. koma orðin „án þess að EIOPA gefi út álitid“ í stað orðanna „án þess að gefa út álitid“,
  - v) í 5. mgr. koma orðin „hverja ákvörðun um að grípa til aðgerða“ í stað orðanna „allar ákvarðanir um að grípa til aðgerða“.
  - vi) í 5. mgr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um hverja ákvörðun um aðgerðir sem gripið verður til samkvæmt þessari grein. Tilvísun um birtingu tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA skal birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.“ bætt við á eftir orðunum „þessari grein.“.
- d) Í b-lið 2. mgr. 17. gr. orðast „lögum Sambandsins“ sem „ákvæðum EES-samningsins“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- e) Í 2. mgr. 24. gr. orðast „lög Sambandsins“ sem „ákvæði EES-samningsins“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- f) Í 32. gr. koma orðin „31. desember 2021“ í stað orðanna „31. desember 2019“ að því er varðar EFTA-ríkin.

31bga. **32016 R 1904**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1904 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins

og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 að því er varðar vöruinngríp (Stjtið. ESB L 295, 29.10.2016, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „EIOPA“.

31bgb. **32017 R 0653**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarvörur fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) með því að mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té (Stjtið. ESB L 100, 12.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 31, Stjtið. ESB L 210, 15.8.2017, bls. 16, og Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 1, breytt með:

– **32019 R 1866**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1866 frá 3. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 4).“

#### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 358 13.12.2014, bls. 50, og framseldra reglugerða (ESB) 2016/1904, (ESB) 2017/653, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 31, Stjtið. ESB L 210, 15.8.2017, bls. 16, og Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 1, og (ESB) 2019/1866, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING